

Ráðstöfun fjármuna


Á stríðstímum er brauð betra en sprengjur.

Málefni	Mannöryggi, friður og ofbeldi, almenn mannréttindi
Þyngdarstig	Stig 2
Hópstærð	Hver sem er
Tími	90 mínútur
Yfirlit	<p>Í þessu verkefni eru notuð atriðaspjöld í litlum umræðuhópum og gerð fjárhagsáætlun fyrir heimilið. Hlutverkaleikur kemur einnig við sögu. Meðal málefna sem fjallað er um:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Greinarmunurinn á því að „langa í“ og „vanta nauðsynlega“. • Útgjöld ríkisins og hervæðing. • Tækifærin sem „friðararðurinn“ gæti haft í för með sér.
Tengd réttindi	<ul style="list-style-type: none"> • Félagsleg og efnahagsleg réttindi, svo sem rétturinn til heilbrigðis, fæðu og menntunar. • Rétturinn til að lifa í heilsusamlegu og hreinu umhverfi. • Rétturinn til mannhelgi.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að hugleiða eigin þarfir og þarfir fjölskyldunnar og hvernig beri að forgangsraða þeim. • Að efla færni til að taka lýðræðislegar ákvarðanir. • Að efla ábyrgðar- og réttlætiskennnd.
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Afrit af „atriðaspjöldunum“ (eitt sett á hóp). • Umslög, eitt á hóp. • Skæri. • Límband eða lím til að festa spjöldin á veggspjöld (eitt á hóp). • Stórar pappírsarkir (A3) eða flettitöflupappír til að búa til veggspjöld (ein örk á hóp). • Eitt eintak af foreldraspjaldinu. • Eitt eintak af útgjaldatöflu (bls. 379 í 5. kafla).
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Ljósritaðu atriðasiðuna. Klíptu hana niður í atriðaspjöld og settu spjöldin í umslag. Hver hópur þarf að fá eitt sett. • Ljósritaðu töfluna sem sýnir hernaðarútgjöld í heiminum og aðra útgjaldaði á bls. 379 (í 5. kafla) á stóra pappírsörk eða glæru eða taktu eitt ljósrit fyrir hvern þátttakanda. • Skipuleggðu rýmið þannig að þátttakendur geti unnið saman í litlum hópum. • Áður en hafist er handa skaltu velja einn þátttakanda svo að lítið beri á til að leika „sérstakt foreldri“ í hverri fjölskyldu/hópi. Segðu þeim að halda þessu hlutverki sínu leyndu fyrir hinum og fáðu þeim eintak af „foreldraspjaldinu“. Aðeins skal vera eitt „sérstakt foreldri“ í hverri fjölskyldu/hóp, sama hve margir hóparnir eru. • Búðu til afrit eða glæsur af þeim upplýsingatöflum sem þú kannt að vilja nota.

MÁLEFNI



MANNÖRYGGI




FRIÐUR OG OFBELDI



ALMENN MANNRÉTTINDI

ÞYNGDARSTIG



STIG 2

HÓPSTÆRÐ



HVER SEM ER

TÍMI



90 MÍNÚTUR

Leiðbeiningar

1. Segðu þátttakendum að þeir eigi að vinna saman í litlum hópum og að hver hópur eigi að leika fjölskyldu. Hver fjölskylda hefur það hlutverk að gera fjárhagsáætlun fyrir næsta mánuð.
2. Skiptu þátttakendum í litla hópa (helst ekki fleiri en fimm í hverjum hópi). Í hverjum hópi er faðir, móðir og barn/börn. Segðu þátttakendum að koma sér saman um hlutverkaskipan og gefa síðan fjölskyldunni nafn.
3. Afhentu hverjum hópi eitt umslag með atriðaspjöldum og eina stóra pappírsörk.
4. Segðu þeim að á atriðaspjöldunum standi hvaða útgjaldaliði þurfi að ræða í fjárhagsáætlun næsta mánaðar. Þetta eru einu atriðin sem koma greina. Kostnaðurinn er gefinn upp á hverju spjaldi og honum má ekki breyta.
5. Hver fjölskylda hefur 10.000 (tíu þúsund) til umræða svo að þátttakendur þurfa að velja þá útgjaldaliði sem eru nauðsynlegir og ákveða hverjum má sleppa.
6. Segðu þeim að nota helst lýðræðislegar aðferðir við gerð áætlunarinnar og líma atriðaspjöldin sem þeir velja á pappírsörkina og búa þannig til veggspjald.
7. Hóparnir fá tuttugu mínútur til að ákveða útgjöld sín og búa til veggspjaldið.
8. Gefðu þeim síðan tíu mínútur til að ganga um og skoða allar áætlanirnar og meta hver þeirra er skynsamlegust og hver óskynsamlegust.
9. Kallaðu síðan alla á fund til að taka saman og meta niðurstöður.

Samantekt og mat

Biðja skal hvern hóp að segja sitt álit á verkefninu og hafa síðan eftirfarandi spurningar til hliðsjónar í áframhaldandi umræðum:

- Hvernig ákváðu „fjölskyldurnar“ hvernig fjárhagsáætlunin ætti að vera? Var það gert á lýðræðislegan hátt?
- Hvaða mælikvarða notuðu þær við ákvarðanatökur?
- Hvernig var þörfin fyrir að eiga til hnífs og skeiðar, þak yfir höfuðið og föt til að klæðast metin í samanburði við þörfina fyrir öryggi og „löngun“ í frístudir og þægindi? Hvaða félagslegu og efnahagslegu þættir skiptu mestu máli?
- Hvernig leið þátttakendum þegar „fjölskylda þeirra“ taldi ekki þörf fyrir eitthvert atriði sem þeim fannst mikilvægt, og ekki var gert ráð fyrir því í fjárhagsáætluninni?
- Hvaða áætlun var skynsamlegust og hver var óskynsamlegust? Hvers vegna?
- Er eitthvað líkt með fjárhagsáætlunum heimila og fjárlögum ríkja heimsins? Er hægt að bera slíkar áætlanir saman?
- Hvaða listar komast næst því að endurspegla fjárlög ríkja?
- Hvaða listar myndu endurspegla fyrirmyndarfjárlög ríkja?

Sýndu nú hópnum spjaldið sem sýnir „hernaðarútgjöld heimsins og aðra útgjaldaliði“.

- Hvað finnst þátttakendum um raunveruleg útgjöld ríkja til hernaðartækja, herafila og annarra hluta sem tengjast hernaði?
- Hvers vegna eyða ríki um allan heim svo miklum fjármunum til vígbúnaðar?

- Hafa þessi útgjöld verið réttlætt? Er heimurinn öruggari eða friðsamari staður fyrir vikið?
- Hvaða afleiðingar hafa slíkar fjárveitingar fyrir fólk og möguleika þess til að njóta félagslegra og efnahagslegra réttinda sinna? Og fyrir umhverfið?
- Hvernig getum við breytt þessu? Hefur einhver heyrt talað um „hernaðarumbreytingu“ eða „afvopnunar sjóð“? Ef ekki, hvers vegna haldið þið þá að svo lítið sé fjallað um slíkt í fréttum?

Ábendingar til leiðbeinanda

Hið hefðbundna fjölskyldumynstur er mismunandi eftir löndum. Þátttakendum er því frjálst hvort þeir telja afa sinn og ömmu eða aðra ættingja til fjölskyldunnar.

Tilgangurinn með því að vera með „sérstakt foreldri“ er tvíþættur; í fyrsta lagi er það gert til að vekja umræður, sérstaklega í löndum þar sem lýðræðislegar hefðir eru ríkjandi, og í öðru lagi til að tryggja að fjárhagsáætlanirnar séu fjölbreyttar og kalli á samanburð og umræður. Hafa skal í huga að hinir í „fjölskyldunni“ geta æst sig upp og jafnvel orðið bálreiðir vegna viðhorfa þessa „foreldris“. Það getur líka ruglað þá í ríminu vegna þess að þeir vita ekki af þessu hlutverki! Komið geta upp „vandamál“ sem leiðbeinandinn verður að vera reiðubúinn að takast á við. Best er að þátttakendum takist að ljúka verkefninu án þess að uppgötva „leikarann“ í hópnum! En ef hlutverk hans virðist ætla að valda umtalsverðum vandræðum eða gengur ekki upp í viðkomandi tilviki skal sleppa því.

Einnig má breyta atriðalistanum ef hann endurspeglar ekki fjölskylduáðstæður á viðkomandi stað, svæði eða landi. Þó skal gæta þess að hann innihaldi bæði nokkra nauðsynjahluti og einhvern óþarfa svo að þátttakendur þurfi eftir sem áður að gera upp á milli þess sem telst vera nauðsynjar og munaður.

Tilbrigði

Í stað þess að nota spjöld er hægt að láta listann á síðunum duga og biðja fjölskyldurnar/hópna að merkja við þau atriði sem þeir velja. Ef svona er farið að þurfa fjölskyldurnar/hóparnir að skrifa fjárhagsáætlunina á stóra pappírsörk sem hægt er að hengja upp til sýnis.

Tillögur um framhald

Hópurinn gæti kannað breytingar til batnaðar, til dæmis tillöguna um afvopnunar sjóðinn eða stöðuna í þeim löndum sem hafa engan her eða vopn (svo sem Kostaríka).

Ef áhugi er á að kanna afleiðingar styrjalda, einkum fyrir flóttamenn, er bent á verkefnið „Má ég koma inn?“ á bls. 170.

Einnig er hægt að kanna nánar önnur efnahagsleg málefni, svo sem misskiptingu auðæfa og valds í heiminum og afleiðingar þess. Fjallað er um þessi málefni í verkefninu „Baráttan um auð og völd“ á bls. 93.

Hugmyndir um aðgerðir

Tilvalið er að efna til umræðna um afvopnun. Því fleiri sem gera sér grein fyrir vígbúnaðarvandanum, þeim mun meiri þrýstingur verður á stjórnvöld að taka á málum. Hægt væri að

Lykildagsetning

**Priðjudagurinn eftir
annan mánudag
septembermánaðar**
Alþjóðadagur friðar

komast að því hve stór hluti af fjárhagsáætlun ríkisins er ætlaður til hernaðar og félagslegra þarfa. Hópurinn gæti skrifað ráðherrum bréf og farið fram á breytingar.

Einnig er hægt að taka með ýmsu móti þátt í baráttunni gegn stríðsrekstri sem fram fer um allan heim, til dæmis með því að leggja samökunum „Youth and Student Campaign for Nuclear Disarmament“ og „Pax Christi International“ (www.paxchristi.net/) lið. Þátttakendur geta líka sjálfir hafið svipaðar herferðir og þessi samtök og notað efni frá þeim.

Nánari upplýsingar

Alþjóðlegi vopnaiðnaðurinn grefur almennt undan öryggi því að hann beinir athyglinni frá grunnþörfum manna sem ættu að hafa forgang. Helstu rökin fyrir fjárveitingum til hernaðarmála eru þau að standa þurfi vörð um lönd og þjóðir. En er í raun verið að standa vörð um öryggi fólks ef það fær hvorki menntun, heilbrigðisþjónustu né mat að borða? Endurspeglu hernaðarútgjöld þjóðarnauðsyn eða ríkishagsmunum?

Annað vandamál felst í því að þeir fjármunir sem ríkið ver til öryggismála (og, að talið er, öryggis þjóðarinnar) skapa vítahring; hvert ríki reynir að komast yfir stöðugt öflugri vopn til að standa betur að vígi en önnur ríki. Þetta kallast „vopnakauphlaup“.

Fyrstu tíu árin eftir að kalda stríðinu lauk minnkuðu útgjöld til hernaðarmála. Með afvopnuninni hefði þurft að móta þá stefnu meðal þjóða að „friðararðurinn“ – þau hernaðarútgjöld sem sparast – yrði notuð til að auka öryggi þjóða, til dæmis með því að veita meiri fjármuni til mennta- og heilbrigðismála. En það var í fæstum tilvikum raunin því að „friðararðurinn“ var notaður til að minnka skuldir ríkisins.

Hernaðarútgjöld eru nú aftur tekin að aukast. Þetta kann að virðast mótsagnakennt því að víðast hvar í heiminum hafa orðið miklar framfarir í öryggismálum. Ástæðan virðist vera sú að nokkur þeirra ríkja sem mestu verja í stríðsrekstur hafa tekið upp, eða tilkynnt um, varnaráætlanir sem kalla á aukin útgjöld.

Friðarsinnar og baráttumenn hafa áratugum saman haldið því fram að öflug og hugvitsamleg áætlun um að snúa frá hergagnaframleiðslu yfir í almenna framleiðslu fyrir borgarana sé lífsnauðsynleg. Þeir styðja þá skoðun sína með ýmsum rökum, m.a.:

- siðleysi vopnaiðnaðarins og því eyðingarafli sem honum fylgir
- hættunni á aukinni útbreiðslu vopnaviðskipta
- vanhæfni vopnaiðnaðarins til að setja reglur um starfsemi sína og það hvernig afurðir hans kunni að verða notaðar
- sóuninni sem fylgir slíkum iðnaði og smánarlegri misnotkun fjármuna og hugvits, og
- þeim möguleikum sem slík breyting mundi hafa í för með sér.

Í 5. kafla, í ítarefninu um frið og ofbeldi á bls. 376 eru tölfræðilegar upplýsingar og töflur sem nota má í þessu verkefni.

EFNI TIL DREIFINGAR

Atriðaspjöld

Matur (2000)	Skóla-/háskólagjöld (2000)	Sjúkratrygging fyrir fjölskylduna (1000)
Nýr bíll (4000)	Mánaðargjald fyrir líkamsrækt (300)	Leikföng og leikir (200)
Tölva (800)	Happdrætti (100)	Viðgerðir á húsi (400)
Viðvörunarkerfi (1500)	Fatnaður (400)	Gæludýrafóður (100)
Vatnsveitan (200)	Þjálfaður varðhundur (400)	Lyfjakostnaður (300)
Samgöngur (bensín, strætisvagna- og flugfargjöld) (400)	Afborganir af láni (2500)	Afmælisgjöf handa mömmu (400)
Viðgerð á þvottavél (200)	Mánaðarlegur bókakostnaður o.fl. vegna skólagöngu (300)	Eigið skotvopn (400)
Veiðigræjur (200)	Nýtt raftæki fyrir heimilið (100)	Rafmagn (200)
Nýr hægindastóll (700) og dóttur/dætur (300)	Sjálfsvarnartímar fyrir móður (bíó, leikhús, skemmtigarðar) (200)	Frístundir/afþreying
Viðvörunarkerfi í bílinn (300)	Löng helgi á sveitahótel (400)	Eigin varnarbúnaður (t.d. piparúði) (100)
Fjölskyldumáltíð á veitingahúsi (100)	Símareikningur (300) eða aðra ættingja (200)	Fjárhagsleg aðstoð við afa og ömmu
Sumarbúðir (200)		

Hlutverkakort fyrir foreldri

Hlutverkakort fyrir foreldri

Þú ert fyrirvinna fjölskyldunnar og þess vegna finnst þér þú hafa meira að segja um peningamálin en maki þinn eða börn; það ert þú sem aflar teknanna!

Þér finnst algjörlega skorta lög og reglu í borginni sem þið búið í. Hætturnar leynast svo víða nú á dögum! Þess vegna leggur þú mesta áherslu á öryggi fjölskyldunnar og heimilisins.